

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK

# Framadagar

## 2011

### Dagurinn þinn frá 11 - 17.

Framadagar er vettvangur sem vinnur að því að brúa bilið á milli háskólanema og fyrirtækja í landinu.

Við höfum safnað saman mörgum fremstu fyrirtækjum landsins og verður hvert og eitt með bás til kynningar á sinni strafsemi og vilja kynnast þér !!

### Auk þess:

Örfyrirlestrar frá

- Northern Lights Energy
- Tryggvi frá Góðu Vali
- Latibær
- Betware

Hvert stefnir þú?

HÁSKÓLABÍÓ

09.02.11

Spurningakeppni  
Dr. Gunna  
Kennarar HÍ vs. HR !

Finndu okkur á facebook:  
Framadagar Háskólanna  
og [www.framadagar.is](http://www.framadagar.is)

Kíktu við  
vertu forvitin/n  
og njóttu dagsins þíns!

Hvað gerist ef þú gefur rottu mars?  
Hún fær mottu.



## Fríir drykkir fyrir rottufrömuð

**Rottumars slær í gegn á Facebook.** Upphafskonan Harpa Snædís hefur fengið mikil viðbrögð og flestir vilja vera með.

Harpa Snædís Hauksdóttir stofnaði hópinn Rottumars á Facebook fyrir einni viku. Eins og nafnið gefur til kynna er um skopstælingu á Mottumars að ræða, en í marsmánuði í fyrra sófnuðu karlmenn yfirvaraskeggi til að vekja athygli á krabbameini karla og sófnuðu pening fyrir málstaðinn. Rottumars gengur hins vegar út á að stelpur snyrti ekki sköp sín í mars. MonitorTV ræddi við Hörpu síðastliðinn föstudag; fréttin sló í gegn á mbl.is og fékk tugþúsundir í áhorf.

„Ég er búin að fá mikil viðbrögð. Ég fór á B5 á laugardagskvöldið og þar voru allir að pota í mig og segjast

hafa séð mig í sjónvarpinu. Svo var fólk að spyrja hvort ég væri að meina þetta og hvort ég ætlaði að safna,“ segir Harpa. „Ég segi öllum að mér sé fúlasta alvara,“ bætir hún við en játar að uppátækið hafi verið sett fram á léttu nótunum. „Þetta byrjaði sem eitthvað djók milli mín og vinkvenna minna. Ég sendi þeim þetta fyrst en síðan breiddist þetta út á örskömmum tíma,“ segir hún.

**Stutt við góðan málstað**  
Harpa segir að ekki séu allir jafnhrifnir af Rottumars og einhverjir voru óánægðir með uppátækið. „Sumir hafa sagt að þetta sé

ógeðslegt og einhverjum finnst að það sé verið að reyna að „ræna“ Mottumars frá körlum og að þeir eigi að fá að hafa þetta í friði,“ segir Harpa en áréttar að ætlunin með Rottumars sé eingöngu að vekja athygli á málstaðnum, þótt það sé gert á léttu nótunum.

„Fjölskyldan og vinir mínir og þeir sem þekka mig vel fatta þetta alveg. En ég skil alveg að fólk sem veit ekkert hver ég er haldi kannski að ég sé eitthvað biluð,“ segir Harpa og hlær. Spurd um kosti þess að vera upphafskona Rottumars segir Harpa: „Ég fékk allavega nokkra fría drykki um síðustu helgi.“

### ATHUGASEMDIR Á ROTTUMARS

- Tinna** Ef kallinn ætlar í einhverja mottu þá er rottunni að mæta :)
- Ragnheiður Jóna** maður verður sko að vera með :)
- Sigurður Andri** ekki vera pussy's og senda inn myndir ;)
- Elva Christina** Löngu byrjuð að safna hahaha !!
- Guðbjörg Ósk** Lengi lifi rottan.
- Helga Maggý** Sýnum samstöðu og stuðning og sófnum í villisköf þarna niðri í mars! ÁFRAM STELPURI!
- Ólaf** og hvað? á svo að senda inn mynd?



### Feitast í blaðinu

- Plötur ársins 2011.** Hvað er væntanlegt frá stærstu nöfnum tónlistarheimsins í ár? >>>4
- Framadagar** eru handan við hornið. Hvað ætlar þú að verða er þú verður stór? >>>6
- Yesmine Olsson í viðtali.** Hún kunnir ekki að meta dreggana á Adda Fannari. >>>8
- Ford-keppnin** er á föstugöngunni. Síðustu stelpur kynntar. >>>10
- Jógvan** er í Loka-prófinu. Hann er krútt og filar Ragga Bjarna virkilega vel. >>>14

## Efst í huga Monitor M Haltu þig á rottunni

Mottumars í fyrra var snilldarframtak. Við karlmenn elskum að fá afsökun fyrir því að líta fáránlega út. Ég segi fáránlega því fyrir hvern Tom Selleck eru 10 gaurar sem vex ekki nema stöku skapahár í grímuna. Þessir gaurar fagna Mottumars, því hvað er betra en að líta fáránlega út fyrir frábæran málstað?

**TOM SELLECK BANEITRABUR**  
Ef ég væri stelpa myndi ég líka fagna Rottumars. „Því ég myndi aldrei nenna að plokka píkuhár,“ svo vitnað sé í ágætan tónlistarmann.

Íslendingar eru kappsöm þjóð og það er fátt skemmtilegra en þegar allir sameinast um eitthvað gott, eins og Mottumars. Viðlíka skemmtilegt er að sjá þegar snúið er út úr öllu. Hópurinn Má ég leggja mottuna mína á rottuna þína? er gott dæmi. Eins fannst mér

kostulegt að sjá annan hóp sem kallaðist Mottumars, en sá innihélt skjámynd af mars-súkkulaðistykki sem lá á baðmottu.

Hinn raunverulegi Mottumars verður haldinn aftur í næsta mánuði. Þá er engin ástæða til að halda sig á mottunni. Rottum okkur saman og sófnum því sem við viljum. Sérstaklega peningum fyrir verdugt málefni.



Björn Bragi, ritstjóri

## Monitor mælir með

### EBÓ Black Swan

er frumsýnd um helgina. Myndin er einu orði sagt frábær og Natalie Portman er stórkostleg í aðalhlutverkinu. Svo gott sem örugg um að hljóta óskarinn fyrir frammi-stöðu sína. Monitor er að gefa miða á Black Swan á Facebook.



### MAGANN Matbúð Mömmu

Steinu á Skólavörðustíg 23 býður upp á ekta íslenskan heimilismat en meðal þess sem þar má fá er dýrindis plockfiskur. Hann er seldur eftir vigt og fyrir um 700 krónur má fá passlegan skammt fyrir einn ásamt kartöflum og rúgbrauði, tilbúinn á diskinn.

**FYRIR FROSTBITNA** Þegar bræðurnir Kári og Frosti klæða sig í kuldabolinn og byrja að glefsa í andlitið á þér þá er upplagt að maka á sig **Dagkreminu frá Gamla apótekkinu**. Kremið virkar vel, er ódýrt og fæst í Lyf&Heilsu.



## Vikan á... facebook

**Ástrós Gunnlaugsdóttir**  
Jess !! Á ekki heldur rétt á fæðingarorlofi þar sem ég tók mér frí eina önn frá sleitulausu 18 ára námi til þess að vera í annars frábærum hópi „hinna ógildu“ á stjórnlagaþingi :) Einhver sem vill trade lifes?  
2. febrúar kl. 12:02

**Ásdís Rán** is enjoying to eat dry icelandic fish - sounds delicious dosent it ;)  
2. febrúar kl. 10:07

**Óli Geir** er með nóg af geðveikum brennsluöflum, nánari upplýsingar í msg :)  
1. febrúar kl. 15:04

**Óli Geir** ég er rokkstjarna  
31. janúar kl. 12:30

**Ingólfur Sigurðsson**  
Ótrúlegt að sjá neikvæð viðbrögð fólks við skiptum Eiðs Smára yfir til Fulham. Yfirburðaleikmaður Íslands og frábær landkynning. Hefur spilað yfir hundrað leiki með einu besta knattspyrnuliði sögunnar ... Hvenær ætlar fólk að hætta að tala með rassgatinu?  
31. janúar kl. 23:26

**Logi Geirsson**  
From HM to H&M ad borda M&M og var að logga mig á msn... Have a Nice day ;)  
30. janúar kl. 11:47

## BRITNEY SPEARS

Tónlistarferill Britney Spears er eins og ástin, hann lifir að eilífu. Sjöunda breiðskífa Britney er væntanleg á árinu. Fyrst var farið að tala um nýju plötuna í mars 2010 og er talað um harðara og meira elektró en í fyrri verkum Breiðnýjar. Fyrsta smáskífa plötunnar var Hold It Against sem kom út fyrir þremur vikum og seldist vel.

**Hvenær:** Í mars.  
**Síðasta plata:** Circus (2008)



BRITNEY ER EINS OG ROCKY - HÚN GEFST ALDREI UPP

## BEYONCÉ

„Ég er á fullu í hljóðverinu að semja lög og framleiða. Ég er að notast við mörg hljóðfæri og mig langar til að breyta aðeins tónlistinni minni,“ sagði ofurskvísan Beyoncé Knowles í nýlegu viðtali við Entertainment Tonight. Hún gefur út sína fjórðu sólbreiðskífu á árinu og miðað við vinsældir Beyoncé verður það ein af stærstu plötum ársins.

**Hvenær:** Óákveðið.  
**Síðasta plata:** I Am... Sasha Fierce (2008).



JÓN VIDAR SLÖKKVI-  
LÍÐSSTJÓRI GÆTI  
EKKI EINU SINNI  
SLÖKKT Í BEYONCÉ

# Stóru nöfnin gefa út í ár

Mörg af stærstu nöfnum tónlistarheimsins gefa út plötu á árinu. **Monitor** kannar hvað er væntanlegt á árinu 2011.



BONO OG EDGE  
KUNNA ÞETTA



## R.E.M.

Michael Stipe og félagar í R.E.M. mæta með sína áttundu breiðskífu. Við takkaborðið situr upptökstjórninn Jacknife Lee sem pródúseraði líka síðustu plötu R.E.M., Accelerate. Á þessari plötu verða R.E.M.-liðar í góðum flíng með vinum á borð við Patti Smith, Lenny Kaye, Peaches og Eddie Vedder.

**Hvenær:** Í vor.  
**Síðasta plata:** The Mix-Up (2007).



JUSTIN BIEBER Í SJALD-  
SÉÐUM STELLINGUM

## JUSTIN BIEBER

Fremst í forgangsröðinni hjá Justin Bieber um þessar mundir er að fylgja eftir nýrri kvikmynd sinni, Never Say Never. Hann hefur þó sagt að stefnan sé að koma út plötu áður en árið 2011 er á enda. Á meðal þeirra sem sagðir eru munu koma að plötunni eru Ne-Yo og ætla hann að hjálpa Biebernum að þroskast sem tónlistarmaður, eins klisjukennt og það hljómar.

**Hvenær:** Í árslok.  
**Síðasta plata:** My World (2009).



FRUSCIANTE (ANNAR  
FRÁ HÆGRI) ER HÆTTUR

## RED HOT CHILI PEPPERS

Red Hot Chili Peppers hefur verið í pásu en mæta til leiks með nýja plötu á árinu. Nú er gítarleikarinn John Frusciante reyndar hættur. Hann hefur áður hætt í bandinu og þá gaf sveitin út plötuna One Hot Minute sem margir vilja meina að sé hennar versta. Það er spurning hvornig RHCP tekst upp með nýja gítarleikaranum Josh Klinghoffer. Gamla brýnið Rick Rubin pródúserar plötuna.

**Hvenær:** Í júní.  
**Síðasta plata:** Stadium Arcadium (2006).

## U2

Hljómsveitarstjóri U2, Paul McGuinness, sagði í viðtali að vænta megi nýrrar plötu frá þeim áður en U2 fer aftur í tónleikaferðalag í maí. Góðar líkur eru á að þessi dagsetning standist þó ekki, en við bíðum og sjáum. Platan er sögð eiga að heita Songs of Ascent og innihalda meðal annars ný lög sem sveitin hefur tekið á tónleikum að undanförmu, svo sem Mercy, Every Breaking Wave og Boys Fall From the Sky.

**Hvenær:** Talað er um maí.  
**Síðasta plata:** No Line on the Horizon (2009)

## LADY GAGA

Þegar horft er til vinsælda Lady Gaga er ótrúlegt að hugsa til þess að hún sé að gefa út sína aðra hljóðversplötu á ferlinum (þriðju plötu ef The Fame Monster er tekin með). Platan hefur fengið nafnið Born This Way og sagði frá Gaga að platan yrði „miklu dýpri en hárkolla, varalitur eða einhver fjandans kjötkjöll“. Akon sagði að með plötunni myndi Gaga taka tónlistina upp á næsta stig. Við bíðum spennt eftir útkomunni.

**Hvenær:** Í maí.  
**Síðasta plata:** The Fame (2008).



## GOLDPLAY

Vinna við fimmtu Goldplay-plötuna hófst í nóvember 2008 og átti upphaflega að koma út í lok árs 2009. Plötunni var þó langt í frá lokið um það leyti og var frestað til ársins 2011. Forystumaðurinn Chris Martin hefur sagt að platan verði undir áhrifum sjónvarpsþáttanna The Wire, hvort sem það var grín eða ekki. Nafn plötunnar mun að sögn Chris Martin: „Líklega byrja á M og verður tvö orð.“

**Hvenær:** Spyrjið Chris Martin, en ekki fá áfall ef dagsetningin stenst ekki. **Síðasta plata:** Viva la Vida or Death and All His Friends (2008).

## FOO FIGHTERS

Foo Fighters hefur verið í lágflugi í nokkurn tíma á meðan forsprakkinn Dave Grohl hefur einbeitt sér að hliðarverkefnum á borð við Them Crooked Vultures. Nú mætir sveitin hins vegar með allar byssur hlaðnar og gefur út plötu í vor „sem inniheldur engar ball-öður, bara rokk,“ að sögn Grohl. Platan verður pródúseruð af goðsögninni Butch Vig. Hann pródúseraði meistara-verkið Nevermind, plötu Nirvana, sem Grohl var einmitt trommari í.

**Hvenær:** Í apríl. **Síðasta plata:** Echoes, Silence, Patience & Grace (2007).



## THE BEASTIE BOYS


Þótt meðlimir Beastie Boys séu eldri en Abraham og búi allir á Árbæjarsafni eru þeir hvergi nærri hættir að rappa. Adam Yauch greindi frá því í febrúar 2009 að þeir væru á leið í furðulega átt með tónlistina, en það höfum við svo sem fengið að heyra áður. Platan ber hið skemmtilega nafn Hot Sauce Committee.

**Hvenær:** Í vor. **Síðasta plata:** The Mix-Up (2007).



## EINNIG MEÐ PLÖTU Á ÁRINU

- David Guetta
- Fleet Foxes
- Drake
- Lykke Li
- Nelly Furtado
- Mary J. Blige
- Death Cab For Cutie
- Willow Smith
- The Strokes
- Tinie Tempah
- The Ting Tings
- Snoop Dogg
- Peter Bjorn & John
- Panic At The Disco



5.302.046 lög  
525.148 plötur  
329.599 listamenn



21  
Adele



EINAR BEN ER ÁNÆGDUR  
MEÐ TILNEFNINGARNAR

## Rúlla loksins með stóru strákunum

Vefurinn **Ring.is** er tilnefndur til Íslensku vefverðlaunanna 2010 sem verða afhent um helgina. **Einar Ben** hjá Ring ræddi við **Monitor** um þennan mikla heiður.

„Þetta er hressilegt klapp á bakið fyrir okkur öll,“ segir Einar Ben, markaðsgúrú hjá Ring, en vefurinn Ring.is er tilnefndur til Íslensku vefverðlaunanna fyrir árið 2010 sem verða afhent í Tjarnarbíói þann 4. febrúar við hátíðlega athöfn. Vefurinn er tilnefndur í flokkunum Besti sölu- og kynningarvefur fyrirtækis með yfir 50 starfsmenn og Besta markaðsherferðin.

„Það er sannur heiður fyrir allt Ring-teymið að fá þessa tilnefningu,“ segir Einar en tilnefningar í flokkunum hljóta einnig markaðsherferðir á borð við Karlar og krabbamein og Inspired By Iceland sem hafa hlotið mikið lof. Þá eru til dæmis vefir Stöðvar 2 og Icelandair meðal þeirra sem tilnefndir eru í sama flokki.

„Í raun má segja að nú séum við loksins farin að rúlla með stóru strákunum,“ segir Einar en markaðsherferðin sem um ræðir er herferð Ring í samstarfi við Monitor og Mbl.is í kringum Iceland Airwaves-hátíð síðasta

árs sem vakti mikla lukku hjá gestum og gangandi. Í herferðinni voru til dæmis mikið notuð myndbönd á netinu sem Monitor birti og slagorðið „Vertu með“ þar sem Ring bauð upp á ýmsa nýja tækni í notkun Android-símanna og vakti mikla athygli neytenda.

„Við lögðum mikið upp úr að gera okkar besta til að auka upplifun gesta á Iceland Airwaves á þann máta sem við best getum, í gegnum farsímamann,“ útskýrir Einar. „Þetta sýnir einfaldlega að hugvit og góðar hugmyndir eru forsenda góðs markaðsstarfs en ekki endilega það að vera með mesta áreitið í öllum helstu fjölmiðlum,“ bendir Einar á. Hann segist ætla að vera jarðbundinn í væntingum sínum fyrir verðlaunaafhendinguna. „Tilnefningarnar eru sigur út af fyrir sig,“ segir Einar hógvæ. „Það myndi samt ekki skemma helgina að taka verðlaunin fyrir besta sölu- og kynningarvefinn.“

## Tími til að huga að sumarvinnu

Framadagar fara fram í Háskólabíói miðvikudaginn 9. febrúar.



BRYNJARI FREY ER  
EKKI SAMA UM FRAMA

„Framadagar eru frábær vettvangur fyrir háskólanema til þess að kynna fyrirtækjum á Íslandi. Þarna verða fulltrúar nokkurra fremstu fyrirtækja landsins og gestir geta rætt við þessa aðila og kannað framtíðarmöguleika sína, til dæmis varðandi sumarstörf eða framtíðarstörf,“ segir Brynjar Frey Halldórsson, fyrirtækjastjóri Framadaga 2011.

Markmið Framadaga er að brúa bilið á milli háskólanema og fyrirtækja í landinu en fyrirkomulagið er með þeim hætti að fjöldi fyrirtækja kemur upp básum í Háskólabíói og geta nemendur gengið á milli þeirra og kynnt sér starfsemi fyrirtækjanna, hvaða störf eru í boði og jafnvel aukið möguleika sína á að fá starf. „Þetta

er mjög góð leið fyrir fólk til að skapa tengsl og kynna sig svolítið, sérstaklega fyrir þá sem eru að fara á vinnumarkaðinn, þetta eykur líkurnar á því að þeir fái störf,“ segir Brynjar Frey.

### Öðruvísi en 2007

Brynjar Frey segir að það sé erfitt að svara því nákvæmlega hversu margir hljóti störf beinlínis fyrir tilstilli Framadaga.


„Þetta er auðvitað ekki alveg eins og árið 2007 þegar atvinnuleysi í landinu var í algeru lágmarki. Þá bárust sögur af því að fólk væri jafnvel að ganga út af Framadögum með starfssamninga í höndunum,“ segir hann. „Núna er þetta aðeins öðruvísi og fólk er aðallega komið til að auka vit-

und á sér og auka starfsmöguleika sína.“

Auk þessa verða ýmsir áhugaverðir fyrirlestrar í boði.

„Tryggvi frá Góðu vali verður með fyrirlestur um það hvernig þú átt að bera þig að til að fá draumastarfið, aðili frá Lazy Town mun fjalla um fyrirtækið og hvernig það var byggt upp, Northern Light Energy mun fjalla um rafbilavæðingu á Íslandi og um starfsemi nýsköpunarfyrirtækja og maður frá Betware heldur fyrirlestur um tækniþróun á 21. öldinni.“

Það er því ljóst hvar metnaðarfullir háskólanemar munu halda sig næsta miðvikudag. Nánari upplýsingar má finna á Framadagar.is og á Facebook-síðu Framadaga.



### EKKI BARA FRÆÐSLA

Þeir sem mæta á Framadaga eiga kost á að vinna sér inn ýmsa veglega vinninga. Lukkuhljól verður á staðnum sem öllum býðst að snúa. Þar verða vinningar á borð við veiðikort, máltíðir á Serrano og Saffran, gjafabréf í líkamsrækt, go-kart, „river-rafting“, „river-jet“, leikhús og fleira. Einnig verður happdrætti þar sem annars vegar verður 50 þúsund króna gjafabréf frá Flugfélagi Íslands og hins vegar fjórhjól að andvirði 30 þúsund krónum.



### KOMDU UNDIRBÚINN

- Skoðaðu hvaða fyrirtæki verða á staðnum. Hvaða fyrirtækjum hefur þú áhuga á að vinna hjá og hjá hvaða fyrirtækjum gæti þín menntun nýst?
- Undirbúðu spurningar til fulltrúa fyrirtækjanna. Hverju eru þeir að leita að? Nýttu þér svo þessar upplýsingar þegar þú sækir um starf.
- Ef þú átt góða ferilskrá taktu hana þá með og reyndu að fá að skilja hana eftir ef þú spjallar við aðila hjá fyrirtæki sem þú vilt vinna hjá. Skilaðu líka inn hefðbundinni umsókn.
- Ef þú útbýrð ferilskrá passaðu þá að hafa hana ekki svo langa að lesandinn nenni ekki að lesa hana. Ein til tvær blaðsíður eiga að nægja. Hafðu hana snyrtilega og vel upp setta og láttu lesa yfir hana fyrir þig.

### FYRIRTÆKI SEM VERÐA Á FRAMADÖGUM

Actavis - Aiesec - Arion banki - Betware - Dale Carnegie - Evrópumíðstöðin - Félag íslenskra félagsvísindamanna - Hagvangur - HÍ - HR - JCI - Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga - KPMG - Landsbankinn - Landsvirkjun - Marel - Matis - Nova - Nýsköpunarmiðstöð Íslands - ORF - Félag íslenskra náttúrufræðinga - Orkuveita Reykjavíkur - Rauði Krossinn - Ríkið - Skýrr - SSF - Stéttarfélag lögfræðinga - Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga - Stéttarfélag verkfræðinga - Tæknifræðingafélag Íslands - Verkfræðingafélag Íslands

[www.opticalstudio.is](http://www.opticalstudio.is)



Chrome Hearts



Bvlgari



Burberry



Chanel



Dolce&Gabbana



Face



Lindberg Spirit 8



Moods of Norway



Persol



Odd Molly



Prada



Oakley



RayBan



Robert La Roche



Cutler and Gross



Roberto Cavalli



Tom Ford



Ørgreen



Lindberg



Versace

Þar sem úrvalið er

Optical Studio  
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

# Aldrei verið kúl að vera Indverji

Það er erfitt að finna viðeigandi starfsheiti fyrir **Yesmine Olsson**. Hún hefur starfað sem einkaþjálfari, danskennari, gefið út matreiðslubækur og DVD-diska, og nú er hún komin með sinn eigin sjónvarpsþátt. „Þúsundþjalasmiður“ á líklega best við, eins klisjukennt og það hljómar.

Texti: Haukur Viðar Alfreðsson  
Myndir: Kristinn Ingvarsson

haukur@monitor.is  
kring@mbl.is

Hvernig er ekki hægt að heillast af Yesmine Olsson? Hún er forkunnarfögur, hress, talar prýðilega íslensku og hefur frá mörgu að segja. Flestir Íslendingar þekkja hana núorðið, enda hefur hún komið víða við. Í þó nokkurn tíma hefur hún einbeitt sér að því að gera Íslendinga indverskari, með góðum mat og framandi dansi. Yesmine var heldur betur til í að setjast niður með Monitor og svara nokkrum spurningum.

**Byrjum á byrjuninni. Þú ert fædd á Sri Lanka ekki satt?** „Jú, ég fæddist þar og var ættleidd til Svíþjóðar átta mánaða gömul.“

**Hvenær komstu fyrst til Íslands?**

„Ég kom í fyrsta skipti hingað árið 1992, 18-19 ára gömul og fór þá til Akureyrar til að kenna Akureyringum að dansa.“

**Hvernig gekk það?**

„Það gekk mjög vel. Það var að vísu svolítið spes. Á þessum tíma vorum það bara við Duranona (Robert Julián Duranona, fyrrverandi handboltakempa frá Kúbu sem spilaði með KA á Akureyri) sem vorum brún (hlær) á Akureyri. Þetta var mikið sjokk fyrir mig. Þetta var í fyrsta skipti sem ég upplifði það að fólk horfði á mig fyrir að vera öðruvísi. Það var mjög skrytið. En ég fíla Akureyri mjög vel.“

**En hvað varð til þess að þú ákvaðst að koma til Íslands af öllum stöðum?**

„Það var eiginlega fyrir tilstilli Jónínu Ben. Ég hitti hana úti í Svíþjóð þar sem hún var með fitness-prógramm. Hún var mjög klár og dugleg og sá mig og hugsaði: „Hey, þetta gæti virkað á Akureyri“ og sendi mig þangað.“

**Ertu ennþá vinkona Jónínu Ben?**

„Við erum vinir. Við vinnum ekki saman lengur en ég kann vel við hana.“

**Hvað varð til þess að þú ákvaðst að flytja hingað til lands?**

„Árið 2000 var ég búin að ákveða það að búa ekki á Íslandi og að Ísland væri ekki staðurinn fyrir mig. Ég ætlaði að búa í New York og var farin þangað í nám, en fór til Íslands að heimsækja vini mína. Vinir mínir töluðu mig til og sannfærðu mig um að hér ætti ég að búa. Ég er mjög ánægð með það í dag.“

**Þannig að þú varst hneppt í ánaud á Íslandi?**

„Já, mér var bara haldið hér (hlær).“

**Og svo kynntist þú manningnum þínum, honum Adda Fannari?**

„Já þetta var aðeins fyrr, þegar ég var að vinna hér. Ég þekkti strákana í Skítamóral og við urðum mjög góðir vinir, ég og Addi. Ég fór til New York í skólann og Hanni og Addi komu í heimsókn. Þeir voru harðir á því að ég ætti að vera á Íslandi. Og nokkrum árum síðar byrjuðum við Addi saman. Upphaflega var það þó mágur minn, hann Einar Bárðarson, sem kynnti mig fyrir Adda. Það var á þeim tíma þegar ég var einkaþjálfari og Einar kom með hann til mín og spurði hvort ég gæti þjálfað bróður sinn. Ég var til í það en Einar lét aldrei sjá sig þarna aftur (hlær).“

**Þetta er á þeim tíma þegar Addi var með „dreadlocks“ og í Buffalo-skóm er það ekki?**

„Jú og það var ekki alveg minn tebolli. Það tók smá tíma að verða skotin í honum (hlær).“

**Á hann Buffalo-skóna ennþá?**

„Já, ég er alveg viss um það. Hann á þetta allt saman einhvers staðar þar sem ég finn þetta ekki.“

**Hver yrðu viðbrögð þín ef þú færir heim á eftir og hann væri kominn með dredda aftur?**

„Mér myndi örugglega finnast það svolítið kúl. En svo myndi ég klippa þá af honum á meðan hann svæfi.“

**Nú ertu að byrja með sjónvarpsþátt á RÚV. Segðu okkur aðeins frá þessu. Hvernig þættir eru þetta?**

„Þættirnir byggja á DVD-disk sem ég bjó til ásamt Helga Jóhannessyni. Þeir á RÚV vildu fá þetta efni og ég held þeir hafi séð það alveg óvart þegar Helgi var að vinna þetta uppi á RÚV þar sem hann starfar. Ég bjóst ekki við þessu en ég er mjög ánægð með þetta. Fyrst gerði ég bók og DVD og ég hugsaði hann fyrst og fremst sem svona hálfgerðan fylgihlut við bókina en ég held að Helgi hafi hugsað þetta sem svo að þetta ætti erindi í sjónvarpið.“

**Hvað með áhuga frá útlöndum?**

„Þetta virðist allavega eiga erindi utan Íslands. Ég er að gera bók fyrir sænskan markað, fyrir fyrirtækið ICA. Þetta eru mörg þúsund búðir, svona keðja eins og Hagkaup nema náttúrulega miklu stærra. Ég er rosalega stolt og var búin að vonast eftir þessu lengi. Ég hef aldrei fundið spennandi indverskar matreiðslubækur í bókaútdómum í Svíþjóð og þess vegna finnst mér þetta svo spennandi.“

**Hefurðu alltaf haft áhuga á matreiðslu?**

„Þegar kemur að indverskri matreiðslu þá held ég að ég hafi það í blóðinu. Foreldrar mínir kunnu ekki að elda indverskt og þegar ég var að alast upp í Svíþjóð voru engir indverskir veitingastaðir í kringum okkur. Það voru bara hamborgarar og pítsur. Mig langaði svo að prófa indverskan mat en hann var bara ekki til í Helsingborg. Ég hafði heyrt af stað sem var langt í burtu og þegar ég var 15 ára fórum við systir mín án þess að láta foreldra okkar vita til Kaupmannahafnar með lest. Á Østergade var staðurinn, lítil indversk búlla, og þar upplifði ég indverskan mat í fyrsta sinn. Og þá vissi ég „ok, þetta er eitthvað sem ég á að vera að borða“. Ég hef ekki ennþá sagt foreldrum mínum frá þessu (hlær).“



Ég fíla Svíþjóð, en ég fíla Ísland meira.

**Hvað finnst þér um hefðbundinn íslenskan mat?**

„Ég gef börnunum mínum soðna ýsu með kartöflum vegna þess að þeim finnst það gott en mér finnst það ekki spennandi sjálfri. Og til dæmis slátur, dóttir mín elskar það. Ég reyndi að elda slátur og steikti það á pönnu og dóttir mín varð alveg brjáluð. Ég vissi ekkert hvað ég átti að gera við slátrið (hlær). Ég borða hangikjöt, harðfisk og rófustöppu og einu sinni smakkaði ég svið.“

**Nú ert þú á fullu í Bollywood-dansinum. Hvað er það við hann sem heillar þig?**

„Það er mjög góð spurning. Ég held þetta sé líka í blóðinu. Það hefur aldrei verið kúl að vera Indverji og þegar ég var unglingur voru engir Indverjar í kringum mig. Ég las blóðin og sá bara „all the black people“, svona til þess að tengja við eitthvað. Varð rosalega hiphop og öll í þeim kultúr. Svo seinna kom Slumdog Millionaire og Bollywood varð meira áberandi. Ég var reyndar byrjuð aðeins fyrr en þegar hún kom hugsaði ég: „Hey, nú er tíminn til að kýla á þetta og keyra á þessu“. Og ég get hætt að vera eitthvað sem ég er ekki og verið bara ég sjálf.“

**Hvernig bregðast Íslendingar við Bollywood-dansinum? Eru þeir áhugasamir?**

„Ég myndi segja það. Við vorum með Bollywood-sýningu í Turninum með mat, sýningu og öllu. Upphaflega ætluðum við að hafa fjórar sýningar og sjá hvernig

## HRADASPURNINGAR

**Uppáhaldsmatur?** „Svartfugl.“

**Uppáhaldstónlistarmaður?** „Aishwarya Ray.“

**Borðarðu einhverntímann sveitann skyndibita?** „Það gerist, en ekki oft. Ef ég á svona „junk food“-móment þá fer ég á Búlluna.“

**Ertu nammigris?** „Ég elska súkkulaði. Uppáhaldið mitt er chili-súkkulaði.“

**Besti indverski veitingastaðurinn á Íslandi?** „Fyrst og fremst er Austur-Índíafélagið. Þar er svolítið svona „north Indian cooking“ í gangi, en svo færðu suðrið á nýjum stað sem heitir Gandhi, og hann er undir Skólaláru. Þarna færðu að upplifa muninn. Svo er einn krúttlegur staður í viðbót sem heitir Indian Mango. Þar er maður sem gerir allt sjálfur og eldar með hjartanu.“

**Uppáhaldsbímynd?** „Indverska myndin Devdas og mögulega Inception.“

**Skemmtilegasta íslenska celebíð?**

„Jógvan Hansen. Þó hann sé frá Færeyjum.“

**Hvað yrðirðu lengi að koma Einari Bárðarsyni, mági þínum, í form?**

„Ég hugsa að ég gæti það ekki. Hann hlustar aldrei á mig (hlær).“

**Tekurðu lýsi?** „Mér finnst það vont en ég tek lýsistöflur.“

**Eru Íslendingar skemmtilegri en Svíar?** „Ég flutti nú hingað. Það segir svolítið. Ég fíla Svíþjóð, en ég fíla Ísland meira.“

tækist til, en núna erum við búin að halda 14 stórar sýningar. Áhuginn er mikill og konum finnst þetta sérstaklega meiriháttar.“

**Á þetta eitthvað skylt við magadans?**

„Nei, þetta er tvennt ólíkt. Það er örugglega hægt að blanda þessu eitthvað saman en þetta er alls ekki það sama. Fólk ruglar þessu mjög mikið saman.“

**Nú hefur þú fengist við tónlist. Hver er staðan á því?**

„Ég hef alltaf verið í tónlist og ég elska tónlist. Ég hef frá því ég man eftir mér verið að semja lög. Eitt lag fór á safnpötuna Svona er sumarið 2003. Það var lag sem heitir „Everything That I Am“, sem var með svona indversku svíngi. Þegar ég var að vinna með Backstreet Boys sagði umboðsmaðurinn þeirra mér að ég ætti að fara heim og læra að syngja og vera meira í músikinni. Ég held áfram að semja mín lög. Ég reyndi í smá tíma og fann mig ekki alveg, en nú er ég búin að finna mig. Ég er að vinna í nýjum lögum og það verður spennandi blanda af vestri og austri.“

**Tónlist, Bollywood-dans, matreiðsla, einkaþjálfun.**

**Ertu ofvirk?** „Mér finnst það ekki en auðvitað lítur það þannig út. Ég er með mikla orku og ég held ég sé að setja hana á rétta staði. En ég kann alveg að slappa af og þá með fjölskyldunni. Þá er ég mjög róleg.“

**Hvað er næst á dagskrá?**

„Ég er að byrja með nýtt Bollywood-dansnámskeið í Laugum í febrúar. Ég er ekki að þjálf þar lengur en verð með þetta námskeið þar. Ég er að kenna indverska matargerð í Veisluturninum. Tilvalið að mæta bara í bæði. Og svo er það að sjálfsögðu sjónvarpsþátturinn.“

Matreiðsluþættir Yesmine Olsson, Framandi og freistandi, hefjast fimmtudaginn 10. febrúar í Ríkissjónvarpinu.







**viðtalið**



Hægt er að fylgjast með Ford-stelpunum í Monitor TV á mbl.is. Einnig verður sýndur heimildabáttur um stelpurnar á Skjá einum í kvöld í opinni dagskrá.

Mynd: Bernhard Kristinn

Ford-keppnin fer fram á morgun, föstudaginn 4. febrúar í Listasafni Reykjavíkur en meira er lagt upp úr keppninni í ár en áður. Monitor hefur nú kynnt allar stúlkurnar sem taka þátt og er það glæsilegur hópur. Stúlkann sem sigrar keppnina fer til New York í sumar þar sem hún keppir um titilinn Super model of the World.

# Stúlkurnar í Ford-keppninni

Monitor kynnir nú síðustu fjórar stúlkurnar í Ford-keppninni sem fer fram á morgun. Hér fáum við að kynnast Kolbrúnu Ýri, Kolfinnu Þóris, Kolfinnu Kristófers og Ídu.

**Kolbrúna Ýr Sturludóttir**  
16 ára úr Garðabæ  
Skóli: FG  
Hjúskaparstaða: Á lausu.



## Serrano besti staðurinn

**Hver er reynsla þín af fyrirsætustörfum?** Ég er búin að vera hjá Eskimo í tvö ár. Hef fengið erlend verkefni og íslensk, verið í auglýsingum fyrir t.d. N1 og Vodafone.  
**Hvaða líkamshluta ertu ánægðust með?** Ég myndi bara segja hárið á mér.  
**Fyrirmyndin þín í lífinu?** Það er mamma mín.  
**Hvers gætirðu ekki verið án?** Gæti ekki verið án símans, ég er alltaf með hann á mér.  
**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Serrano, það er eitthvað við þennan stað, hann er bara bestur.



**Kolfinna Þórisdóttir**  
15 ára úr Garðabæ  
Skóli: Garðaskóli  
Hjúskaparstaða: Á föstu



## Helsti kosturinn er hógværdin

**Hver er reynsla þín af fyrirsætustörfum?** Það verða tvö ár núna í sumar síðan ég byrjaði.  
**Hvaða líkamshluta ertu ánægðust með?** Ég veit það eiginlega ekki, ég er bara sátt.  
**Fyrirmyndin þín í lífinu?** Stóra systir mín og nokkrar aðrar ónefndar.  
**Hver er helsti kostur þinn?** Ég held að það sé hvað ég er afslöppuð og hógvær týpa.  
**Hver er uppáhaldsborgin þín?** París. Ég elska frönskuna, menninguna og bara borgina sjálfa. Ég á ættingja og vinafólk þarna, það er bara allt fallett þar!



Myndir: Kristinn og Árni Sæberg



**Kolfinna Kristófersdóttir**  
18 ára úr Vestmannaeyjum  
Vinna: Gallerý 17  
Hjúskaparstaða: Á lausu

## Gæti ekki verið án fjölskyldunnar

**Hver er reynsla þín af fyrirsætustörfum?** Ekki mikil, ég er búin að vera hjá Eskimo í svona hálf t.ár.  
**Hvaða líkamshluta ertu ánægðust með?** Ég get eiginlega ekki svarað þessu, erfið spurning. En ef ég þyrfti að svara myndi ég segja leggirnir mínir.  
**Hver er fyrirmyndin þín í lífinu?** Systir mín.  
**Hvers gætirðu ekki verið án í lífinu?** Fjölskyldunnar og vina minna.  
**Hvað er uppáhaldsnamið þitt?** Það heitir Taco Relleno. Ávaxtagúmmí sem er ótrúlega gott.  
**Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn?** Sushi.



**Ída Pálsdóttir**  
17 ára úr Garðabæ  
Skóli: Versló  
Hjúskaparstaða: Á lausu

## Frida Gustavsson er fyrirmyndin

**Hver er reynsla þín af fyrirsætustörfum?** Lítil sem engin fyrr en ég byrjaði í keppninni.  
**Hvaða líkamshluta ertu ánægðust með?** Allavega ekki litlu feitu puttana mína.  
**Hver er fyrirmyndin þín í lífinu?** Það er Frida Gustavsson.  
**Hver er þinn helsti kostur?** Ég er oftast mjög hress og glöð í skapi.  
**Hver er þinn helsti galli?** Ég er rosalega óþolinmód og rosalega tapsár.  
**Hver er fyndnastur í Friends?** Það er eins og að gera upp á milli barnanna sinna.





**NÝTT**

# FJARLÆGIR GULA TÓNA

# SHEER BLONDE



**JOHN FRIEDA®**  
LONDON PARIS NEW YORK

Þeir sem vilja sjá eina gamla góða ættu að tékka á myndinni **Leon** (1994) um helgina. Þar fer 13 ára gömul **Natalie Portman** á kostum í leikstjórn **Luc Besson**.

## FERILLINN



## Natalie Portman

**Hæð:** 160 sentimetrar.  
**Besta hlutverk:** Ballerínan Nina Sayers í *Black Swan*.  
**Staðreynd:** Natalie Portman er grænmetisæta og klæðist aldrei feldi, fjöðrum eða leðri.  
**Eitruð tilvitnun:** „Ég hef aldrei prófað að reykja. Ég smakka ekki áfengi. Ég hef aldrei prófað eiturlyf.“

**1981** Fæðist sem Natalie Herschlag í Jerúsalem í Ísrael.

**1984** Flytur ásamt fjölskyldu sinni til Bandaríkjanna.

**1991** Fór í prufur fyrir söngleikinn *Ruthless!* en endaði ásamt Britney Spears sem varamaður fyrir aðalleikkonuna Laura Bell Bundy.

**1994** Vakti mikla athygli fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni *Leon* sem var leikstýrt af Luc Besson. Þar lék hún unga stúlku sem vingast við miðaldra leigumorðingja.

**1999** Kom sér á kortið með því að næla í hlutverk Padmé Amidala í seinni *Star Wars* trílógíunni.

**2003** Útskrifaðist með BA-gráðu í sálfræði frá Harvard-háskóla. Portman lét hafa eftir sér að hún vilji frekar vera gáfuð en kvikmyndastjarna.

**2004** Fékk Golden Globe-verðlaun fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni *Closer* sem besta leikkona í aukahlutverki. Portman var einnig tilnefnd til óskarsverðlaunanna fyrir hlutverkið.

**2006** Rakaði sig sköllotta fyrir hlutverk sitt í *V for Vendetta* og bar hárléysið einstaklega vel.

**2010** Trúlofast kærastanum sínum, dansaranum Benjamin Millepied, sem var danshöfundur kvikmyndarinnar *Black Swan*. Portman og Millepied eiga von á sínu fyrsta barni í sumar.

**2011** Portman fær Golden Globe-verðlaun fyrir hlutverk sitt í *Black Swan*. Hún er einnig tilnefnd til óskarsverðlaunanna.



## Frumskýningar helgarinnar

### Black Swan

Ballerínan Nina (Portman) fær tækifæri til að verða aðaldansarinn í uppsetningu á Svanavatninu en lendir í harðri samkeppni við nýliðann Lily (Kunis). Nina passar fullkomlega í hlutverk hvíta svansins en Lily er lifandi táknmynd svarta svansins. Eftir því sem átökin aukast tengist Nina sínum eigin dökku hliðum sífellt betur og afleiðingarnar eru skelfilegar. Myndin hefur hlotið fimm



tilnefningar til óskarsverðlaunanna, meðal annars fyrir bestu mynd ársins og besta leik í aðalhlutverki.

**Leikstjóri:** Darren Aronofsky.

**Aðalhlutverk:** Natalie Portman, Mila Kunis og Vincent Cassel.

**Lengd:** 103 mínútur.

**Dómar:** IMDB: 8,6 / Metacritic: 7,9 / Rotten Tomatoes: 88%.

**Aldurstakmark:** 16 ára.

**Kvikmyndahús:** Smárabíó og Háskólabíó.

### London Boulevard

**Leikstjóri:** William Monahan.  
**Aðalhlutverk:** Colin Farrell, Keira Knightley og Ray Winstone.  
**Lengd:** 103 mínútur.  
**Dómar:** Engir dómar komnir.  
**Aldurstakmark:** 16 ára.  
**Kvikmyndahús:** Laugarásbíó.  
 Þegar harðjaxlinn Mitchell (Colin Farrell) lýkur fangelsisvist hefur hann ákveðið að snúa baki við glæpaheimi Lundúna. Hann ræður sig til vinnu sem lífvörður kvikmyndastjörnu (Keira Knightley) en kemst fljótt að því að það er erfiðara en hann hélt að halda sig réttum megin við lögin.



### Sanctum

**Leikstjóri:** Alister Grierson.  
**Aðalhlutverk:** Rhys Wakefield, Allison Cratchley og Christopher Baker.  
**Lengd:** 109 mínútur.  
**Dómar:** IMDB: 6,3.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin.  
 Köfunarteymi lendir í lífsháska í könnunarferð um einhverja afskekktustu neðansjárhella í heiminum. Óvæntur hitabeltisstormur neyðir þá til að leita skjóls í hellunum. Líf þeirra veltur nú á því hvort þeir finna nýja útgöngu-leið út úr hellunum. Komast þeir af eða eru þeir fastir í hellunum að eilífu?



## KVIKMYND

**THE FIGHTER FJALLAR UM HNEFALEIKAKAPPANN MICKY WARD OG LEIÐ HANS AÐ HEIMS- MEISTARATITLINUM Í VELTIVIGT**



**The Fighter**

**Leikstjóri:** David O. Russell.

**Aðalhlutverk:** Mark Wahlberg, Christian Bale og Amy Adams.

**Lengd:** 115 mínútur.

**Dómar:** Imdb.com: 8,3 / Metacritic: 7,9 / Rotten Tomatoes: 89%

## Bráðefnilegur bardagakappi

Kvikmyndin *Bardagakappinn* (*The Fighter*) kemur nokkurn veginn til dyranna eins og hún er klædd. Með hæflega mikið af Hollywoodstælum en án þess þó að gleyma mannlega þættinum sem við Evrópu-búar höfum svo gaman af. Sagan er nokkuð einföld en vel sögð og gerir persónunum ágætis skil. Mikið drama en brotin upp með gríni og spennu inn á milli.

### Stórkostlegur Bale

Christian Bale er stórkostlegur í hlutverki Dicky og sannar hér enn og aftur hversu fáránlega magnaður leikari hann er. Maðurinn virðist hafa ansi gott lag á BMI-stuðlinum en það virðist ekki vera mikið mál fyrir Bale að fara úr því að vera massaður leður-blökumaður niður í það að vera ekki neitt neitt eins og amma myndi segja. Það sýndi hann okkur einnig með *The Machinist* en þar var manni nú bara hætt að standa á sama. Alltaf virðingartvert þegar leikarar

leggja mikið á sig fyrir hlutverk. Wahlberg er líka góður. Hann passar vel í þetta hlutverk og ég satt að segja skil ekki alveg þegar menn eru að hrauna yfir Mark, hann er finn leikari. Rólegur og býður kannski ekki upp á mikla breidd en skilar alltaf sínu. Aðrir leikarar standa sig einnig með stakri þrýði.

### Gamalt HBO í bardögnum

Kvikmyndatakan er flott sem og hljóðið. Gaman er að sjá hvernig leikið er með útliti á myndinni. Notast er við gamlar HBO-tökuvélar til að mynda bardagana sem gefur þeim öðruvísi útlit, líkt og maður sé að horfa á þá í beinni á þessum tíma. Skemmtilegt. Já, ég var bara virkilega ánægður með myndina. Kom sáttur út úr bíóinu, fór sáttur að sofa og svaf vel. Er hægt að biðja um eitthvað meira?

Kristján Sturla Bjarnason



Leikkonan Natalie Portman hefur ákveðið að hefja samstarf við fyrrverandi kærasta Paris Hilton en framleiðslufyrirtæki Portman, handsome-charlie, mun vinna að þróun kvikmynda með fyrirtækinu 1821 sem er í eigu gríska sjarmórsins Paris Latsis. Portman er hægt og hægt að færa sig upp á skaftið og vill færa sig að framleiðslu kvikmynda með tímanum að eigin sögn.



Mikil spennu ríkir fyrir endurgerð kvikmyndarinnar *The Gambit* frá árinu 1966. Staðfest hefur verið að Colin Firth mun fara með aðalhlutverkið og Cameron Diaz tekur að sér að leika kvenhetju myndarinnar. Handritið er í höndum hinna alræmdu Coen-bræðra en myndin segir frá manni sem ákveður að setja upp svikamyllu í kringum listaverk og fær til liðs við sig konu sem hann fellur fyrir.



Warner Bros. og CBS Films ætla að framleiða kvikmyndina *The Stand* eftir bók Stephen King. Bókin kom fyrst út árið 1978 en árið 1990 var gefin út ný útgáfa, endurbætt af höfundinum sjálfum. Sagan þykir mjög áhugaverð og voru gerðir sjónvarpsþættir árið 1994 út frá henni en teiknimyndasögurinn Marvel hefur einnig sýnt mikinn áhuga á *The Stand*.



Mikil þróunarvinna er nú hafin hjá almanna-tengslaskrifstofu múslima í Bandaríkjunum til að bæta ímynd múslima í kvikmyndum vestanhafs. Handritshöfundar sem hafa hlotið Óskarsverðlaun halda námskeið fyrir unga múslima í Bandaríkjunum sem vilja spreyta sig í handritsgerð með það að markmiði að segja sögu sína.



VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa nokkrum heppnum lesendum miða á *Black Swan*. Þú þarft bara að fara inn á Facebook-síðu Monitor og velja LIKE á kvikmyndaþráð vikunnar. Á mánudag drögum við svo út nokkra vinningshafa og sendum þá í bíó.

facebook.com/monitorbladid

# Hakkaðu allt í spað

Í leiknum Mindjack fara leikmenn í hlutverk Jim og Rebecca sem þurfa að berjast saman gegn illum stórfyrirtækjum sem ætla sér heimsfyrirráð, en leikurinn gerist árið 2031. Söguþráður leiksins gæti verið tekinn beint úr þriðja flokks vísindaskáldsögu, en hann er þunnur eins og pappír. Mindjack er í grunninn þriðju persónu skotleikur þar sem leikmenn geta leitað sér skjóls á bakvið alls kyns hluti til að skýla sér fyrir árásum óvina, en spilun hans hefur fengið mikið að láni frá leikjum á borð við Gears of War og Uncharted.

Við þetta bætist að leikmenn geta hakkað sig inn í huga annarra persóna eða véla sem í leiknum eru og er þessi hökkun eða „mindjökku“ sérkenni leiksins, en með henni ná leikmenn að stýra allskyns kvikindum og vélum. En það

## TÖLVULEIKUR

### Mindjack

.....  
Tegund: Skotleikur

PEGI merking: 16+

Útgefandi: Square Enix

Dómar: Gamespot: 5 / IGN.com: 4



er ekki nóg með að leikmenn geti hakkað sig í drasl í eigin umhverfi, því í Mindjack geta leikmenn hakkað sig inn í leiki hjá öðrum leikmönnum um allan heim. Með því birtast leikmenn fyrirvaralaust inni í leik annarra og geta þar annað hvort hjálpað til eða reynt að drepa þann sem fyrir hakkinu verður.

### Döpur grafík, tónlist og talsetning

Þó hugmyndin sé sniðug er hún því miður ekki nógu vel framkvæmd og er í raun í takt við annað í leiknum, í algjöru meðal-lagi. Grafíkin er mjög litlaus og minnir helst

á gömlu góðu Dreamcast-leikina, tónlist leiksins er eflaust samin á blokkflautu og spiluð inn með hljómborði sem fæst í næstu leikfangaverslun. Tónlistin er þó eynakonfekt miðað við talsetningu leiksins sem er kjánaleg og hreinlega með



JIM HEFÐI BETUR SKOTIÐ  
FRAMLEIÐENDUR LEIKSINS

ólíkindum hversu stýrt talað mál getur hljómað.

Í hinni hörðu samkeppni sem ríkir á tölvuleikjamarkaðnum í dag er nánast óskiljanlegt að leikir eins og Mindjack nái að skrifa af teiknborðinu í fastara form. Sú hugsun læddist ósjaldan að manni, hversu gott það hefði verið ef einhver hefði hakkað sig inni tölvur framleiðandanna og þurrkað þennan algjörlega út.

Ólafur Þór Jónsson



## Rihanna farin yfir strikið?

Nýjasti smellur söngkonunnar Rihönnu ber nafnið S&M og vísar textinn í ofbeldi og kynlíf. Myndbandið við lagið er í samræmi við textann og þykir mörgum söngkonan unga hafa farið yfir strikið. Í myndbandinu sést hin 22 ára gamla Rihanna meðal annars leiða fullorðinn karlmann um verönd í hundaól og slá bundna karlmenn með svipu. Klæðnaður söngkonunnar er einnig mjög ógrandi en hún skelti sér í hvítt latexdress fyrir atríði þar sem hún borðar bleikt poppkorn í myndbandinu. Settur er á svið blaðamannafundur í myndbandinu þar sem Rihanna er plöstuð við vegg en blaðamenn sitja bundnir og horfa á hana tjá sig. Ekki spennandi fundur þar á ferð. Rihanna hefur sungið marga texta með vísunum í kynlíf og ofbeldi og mætti þar til dæmis nefna slagara á borð við Rude Boy, Only Girl In The World og What's My Name.



## White Stripes eru hætt

Rokkvíeykið The White Stripes hefur lagt upp laupana og hafa systkinin Jack og Meg White tilkynnt að þau muni ekki taka upp fleiri lög né koma oftar fram á tónleikum. Þau segja margar ástæður vera að baki ákvörðunarinnar en aðalástæðan sé þó að þau vilji „viðhalda því sem er fallegt og sérstakt við hljómsveitina“. The White Stripes var stofnuð árið 1997 og hefur því starfað í 14 ár sem verður að teljast nokkuð gott, sérstaklega þar sem Jack og Meg eru fyrrverandi hjón. Síðasta plata hljómsveitarinnar kom út á síðasta ári og ber nafnið Under The Great Northern Lights og var þar á ferðinni tónleikaplata. Í gegnum árin hefur Jack White einnig einbeitt sér að öðrum verkefnum en The White Stripes en hann hefur unnið með hljómsveitum á borð við Dead Weather, Raconteurs ásamt því að eiga fyrirtækið Third Man Records í Nashville í Bandaríkjunum. Hann ætti því að hafa nóg á þrjónunum.



Sérsmiðin þjónusta fyrir allar *tegundir* námsmanna.  
Námsmenn okkar fá betri *kjör* og *meiri* fríðindi.

Nánari upplýsingar um Námsmannaþjónustu Arion banka fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum okkar og á [arionbanki.is](http://arionbanki.is) eða í síma 444 7000.

 Arion banki

**800 BAR SELFOSSI**  
Laugardagskvöld  
23:00



## Fjórar úr tungunum til í tuskið

„Núna er um að gera að skella sér út á land,“ segir Friðrik Dór, tónlistarmaður, en hann spilar á 800 Bar á Selfossi á laugardagskvöldið ásamt DJ Danna Deluxe. Friðrik hefur nokkrum sinnum spilað á 800 Bar við góðar undirtektir heimamanna. „Það er alltaf hressandi að fara á Selfoss að spila,“ segir hann. Á Facebook-síðu viðburðarins má sjá geysispennta aðdáendur Friðriks tjá sig um kvöldið eins og til dæmis eina unga dömu úr sveitinni. „Við erum fjórar úr tungunum til í tuskið,“ skrifar hinn ónefndi aðdáandi. Hvað gerist á 800 Bar?

# fílófaxið

fimmtudagur **3** feb föstudagur **4** feb

### UPPISTAND Í TJÖRNINI

Tjarnarbíó Uppstandskvöld þar sem fram koma Daniel Geir Moritz, Alma Geirald, Þórhallur Þórhallsson og Saga Garðarsdóttir. Radiusbæður eru sérstakir gestir. Miðaverð er 2.000 krónur.

### RETOX PARTY

Kaffibarinn Peir sem detoxuðu allan janúarmánuð eru hvattir til að mæta á sérstakt Retox-kvöld á Kaffibarnum en þar mun plötusnúðatvívíkykið Classact halda fólkinu gangandi.

### JÓN JÓNSSON

B5 Jón Jónsson mun ásamt hljómsveit sinni leika lögin sem hljómað hafa á öldum ljósvakans undanfarið ásamt fleiri tónum sem finna má á væntanlegri plötu hans. Einnig verða leiknar vel valdar ábreiður af lögum sem eru í upphaldi. Þægileg stemning og fritt inn.

### 3B - BLÚSBAND

Sódoma Ekta blúsoktónleikar með hljómsveitinni 3B - Bitter blues band. Miðaverð er 1.000 krónur.

### MUCKFEST 2011

Faktorý Hljómsveitin Muck blæs til Muckfest 2011 og hefur góða aðila með sér í líð. Þeir eru Mammút, Sudden Weather Change, Swords of Chaos og Me, The Slumbering Napoleon. Miðaverð 1.000 krónur.

## laugardagur **5** feb

### ÆLA OG SIN FANG

Faktorý Sin Fang og hljómsveitin Æla halda tónleika á Faktorý en aðgangseyrir rennur í upptöku- og útgáfusjóð Ælu. Miðaverð er 1.000 krónur og húsið opnar klukkan 22. Retro Stefson verða DJ set verður svo í gangi á neðri hæðinni frá miðnætti.

### THE WALL

Hofúð, Akureyri Dúndurfréttir, Sinfóníu-hljómsveit Norðurlands, Karlakór Dalvíkur ásamt stúlknakór fletja The Wall eftir Roger Waters og Pink Floyd. Þegar er uppselt á tónleikana sem fara fram klukkan 20 og því verða aukatonleikar klukkan 23. Miðasala á þá er hafin á Midi.is.



## TUNGUMÁLANÁM fyrir menntskælinga og háskólanema

Alþjóðlegir skólar, góð aðstaða, krefjandi nám og hagnýt þjálfun. Námskeiðin hefjast vikulega og hægt er að velja um almennt málanám, talþjálfun, málfraði, ritun, undirbúning fyrir háskólanám, alþjóðavíðskipti, fjármál, lögfræði og alþjóðleg tungumálapróf.

Barcelona, Berlin, Boston, Cambridge, Firenze, London, Madrid, Milano, Montpellier, München, New York, Paris, Roma, Wien.

Executive & Professional Language Training **lingo** MÁLAMIDLUN

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS

# LOKAPRÓFIÐ

| 3. febrúar 2011 |  
**MONITOR**  
skólinn

Ég heiti JÓGVAN HANSEN Til að Íslendingar vinni Eurovision þurfa þeir að

Þú veist hver ég er af því að SÖNHVARI, KLIPPARI OG FÆREYINGUR

- Ísland...
- a) er best í heimi
  - b) er næst best í heimi
  - c) No comment
  - d) ætti að sameinast Færeyjum
  - e) ER BESTAST Í GEIMI



Best klippti Íslendingurinn er

- a) EG OG MAAMI
- b) Davíð Oddsson
- c) Eiríkur Hauksson
- d) Jóhanna Sigurðardóttir
- e)



Uppáhalds íslenski tónlistarmaðurinn minn er

ÞRANGI BJARNAR TÖFFARI

Það sem kemur mörgum á óvart er að ég

TALA SWAHILI OG BIT A MER NEGLUNAR



Það er gott að búa í Mosfellsbæ vegna þess að

- a) það er jafnlangt frá miðbænum og Færeyjar
- b) þar er töluð færeyska
- c) þar fæ ég frið frá æstum aðdáendum
- d) þar er rennibraut á KFC
- e)



Ef ég þyrfti að taka upp íslenskt nafn yrði það

- a) Jóakim Hansson
- b) Jói H.
- c) Dufpakur
- d) Eilífur Friður
- e) JÓAKIM HELGASON



AD SENDA MIG UT

Uppáhaldslandið mitt í Eurovision, fyrir utan Ísland, er DANMARK

af því ÞEIR ERU MÍÐ DEDVEIK LÖG

Ég borða ALT

Ef ég væri teiknimyndapersóna væri ég

- a) Kærleiksbjörn
- b) Bangsimon
- c) He-Man
- d) Leonardo úr Turtles
- e)



af því að OUTFITTI ER SVÖ FLOTT

**SATT OG ÓSATT:** Ég fíla Bold and the Beautiful

- Ólafsvaka er betri en Þjóðhátíð í Eyjum  S  Ó
- Skerpukjöt er betra en slátur  S  Ó
- Ég er betri í að elda en að taka til  S  Ó
- Ég er krútt  S  Ó

Af eftirtöldum myndi ég helst vilja syngja dúett með

- a) Leoncie
- b) Alexander Rybak
- c) Johnny Logan
- d) Rihanna

Síðasta sms sem ég fékk var frá FRA HRAFNHILDUR DULLI og í því stóð ÞUINN AD LEGGJA INN A ÞIG

Ef ég mætti gera einn Facebook status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa


LIFE IS A BOX OF SUKKULADI !!

## Síðast en ekki síst

» Atli Fannar Bjarkason, fjölmiðlamaður, fílar:

### Kvikmynd Black Swan

er ekki ballettmynd. Myndin fjallar að vísu um ballerínu, en við megum ekki gleyma að henni er leikstýrt af Darren Aronofsky. Hann gerði líka Requiem for a Dream og The Wrestler, þannig að þú getur treyst honum fyrir að gera ballettmynd.



Plata Ég er ennþá að hvetja fólk til að hlusta á bestu plötu ársins í fyrra; **High Violet** með The National. Mögnuð plata með hljómsveit sem hefur stökktbreyst til hins betra með hverri plötu.



### Sjónvarpsþáttur 30 Rock

er besti gamanþátturinn í sjónvarpi í dag. Þessi setning sannar það: Tracy: So it's decided. Jack's on board as an investor. Jack: Not so fast. Tracy: So... it'ssss... deciid...



**Vefsíða Information-isbeautiful.net.** Það er aðeins eitt sem er fallega en kona á hjóli: Fallega framsettar upplýsingar. Information is Beautiful er helguð þeim. Það mættu samt vera fleiri konur á hjólum á síðunni.



### Bók Killing Yourself to Live

eftir Chuck Klosterman liggur á náttborðinu. Sagan ku vera 85% sönn, sem er afar hreinskilin yfirlýsing. Sannleikurinn má ekki þvælast fyrir góðri sögu.



**Staður Sjávarborg** í Skagafirði er fallegasti staður landsins. Grasið er grænna en annars staðar, loftið hreinna og fjöllin tilkomuemeiri. Svo býr mamma þar. Það er alltaf gott að heimsækja mömmu sína.



**OROBLU**



Samsung GALAXY 5



# Vertu með Mark Zuckerberg í símanum

[www.ring.is](http://www.ring.is) / [m.ring.is](http://m.ring.is)



[www.facebook.com/ringjarar](http://www.facebook.com/ringjarar)



VERTU MEÐ